

Ársskýrsla 2021



Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Kvennaskólinn í Reykjavík

Hlutverk og markmið skólans	2
Almennt um skólastarfið	2
Mat á skólastarfi	3
Húsping.....	5
Erlent samstarf.....	6
Tölulegar upplýsingar	6
Nemendatölur	6
Innritun nýnema 2021	6
Skipting nemenda á námsbrautir	7
Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni	7
Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum.....	7
Útskriftarhlutfall	7
Starfsfólk.....	7
Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2021	8
Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	9
Skipurit	9
Kynjaskipting starfsfólks.....	9
Fjármál	10
Lokaorð	10

Hlutverk og markmið skólans

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Námstími er



sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Lokamarkmið bóknámsbrauta skólans er stúdentspróf. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri, þ.e. lokaeinkunn hvers áfanga verður að vera 5 eða hærrí og aðaleinkunn, vegið meðaltal allra lokaeinkunna, verður að vera 5,0 eða hærrí. Þó er heimilt að ljúka tveimur áföngum með lokaeinkunninni 4 í lokaáfanga greinar. Hluti valáfanga hverrar brautar er 43 einingar.

Almennt um skólastarfið

Árið 2021 hafði Covid-19 ennþá mikil áhrif á skólastarfið. Við byrjuðum vorönnina á því að hafa um það bil helming nemenda í skólanum hálfan daginn og hinn helming dagsins voru nemendur heima í fjarkennslu. Höfðum ekki farið þá leið áður í fjarkennslunni sem einkenndi Covid-tímabilið. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega en krafðist mikillar skipulagningar og var krefjandi fyrir bæði nemendur og kennara. 8. febrúar hófst síðan fullt staðnám. Þennan fyrri hluta annar var hverjum bekk úthlutað kennslustofu og máttu nemendur ekki fara milli sóttvarnarhólfa nema til að fara milli kennslustofa í valáföngum. Frá og með 22. febrúar voru ekki lengur bekkjastofur og kennsla að mestu með hefðbundnum hætti. Grímuskylda var alla önnina og takmörkuð þjónusta í mótuneyti vegna fjöldatakmarkana. Síðustu tvo dagana fyrir páska þurfti að skella skyndilega í lás vegna



fjölgunar smita í þjóðfélaginu og skipt yfir í fjarkennslu. Sem betur fer fengu nemendur þó að mæta aftur eftir páskafrí. Að sjálfsögðu höfðu samkomutakmarkanir mikil áhrif á félagslífið og þurftu nemendur til dæmis að aflýsa leiksýningu og árshátíð. Peysufatadegi var líka aflýst en nemendur í 3. bekk, sem hefðu átt að halda hann hátíðlegan í 2. bekk, gerðu sér glaðan dag með því að mæta í skólann uppáklædd en þetta vorið voru hundrað ár frá fyrsta peysufatadeginum. Covid hafði líka annað árið í röð áhrif á útskrift en að þessu sinni fengu

starfsmenn skólans þó að vera viðstaddir en ættingjar og vinir fylgdust með í gegnum streymi. Ýmislegt fleira mætti nefna frá haustönninni, til dæmis öðlaðist skólinn lögbundna jafnlaunavottun í janúar, grænfaninn var afhentur í þriðja sinn og stöðupróf í pólsku var haldið mars.



Á haustönn var stundatöflu breytt með það að markmiði að stytta skóladag nemenda. Kennslustundir voru styttrar um 5 mínútur og var kennsla látinn hefjast kl. 8:30 í stað 8:10. Um tilraunaverkefni var er að ræða og verður metið í lok skólaárs hvernig til tókst. Þá voru skólareglur og

prófa- og verkefnareglur uppfærðar og samþykktar á skólaráðsfundi 1. október. Þegar skóli hófst í ágúst var loksins hægt að hefja önn með nokkuð eðlilegum hætti en grímuskylda var þó enn til staðar þó nemendur hafi að einhverju leyti mátt sleppa notkun þeirra í kennslustundum.

Þónokkuð var um Covid-smit og þurftu stjórnendur töluvert að sinna smittrakningu og koma tilkynningum áleiðis til nemenda og starfsfólks innan og utan skólatíma. Hægt var að fara í

nýnemaferðir með nemendur, sem var mikið gleðiefni, og var ákveðið að nemendur á 2. ári fengju líka að fara í slíka ferð þar sem ekki hafði verið hægt að fara árinu áður.

Peysufatadegi 2. bekkinga hafði verið frestað frá árinu áður og var ákveðið að fresta honum aftur og þá fram á vor þegar smittölur tóku aftur að hækka í byrjun haustannar. Þá var stefnt að því að 3. bekkur fengi að halda peysufatadag hátíðlegan á vormánuðum 2022 og 2. bekkur myndi þá fresta sínum til haustmánaða 2022.


Mikil gleði ríkti líka þegar nemendur gátu í október fengið að halda ball í fyrsta skipti frá því í febrúar 2020. Kvennóleikarnir svokölluðu voru líka hápunktur þegar nemendur og starfsfólk gerðu sér glaðan dag í keppni sem nemendur í áfanganum tómsunda- og félagsmálafræði skipulögðu.




Það er mat allra að skólastarf hafi gengið vonum framár við krefjandi aðstæður árið 2021 og erum við þakklát fyrir það frábæra fólk sem hjá okkur starfar. Nemendur og starfsfólk skólans eiga hrós skilið fyrir að seiglu, jákvæðni og hugmyndaauðgi árið 2021. Að lokum má geta þess að nýr aðstoðarskólameistari tók til starfa, Ásdís Arnalds, sem gegnt hafði stöðu íslenskukennara við skólann frá 2002. Oddnýju Hafberg, sem starfað hafði við skólann sem kennari og aðstoðarskólameistari, er þakkað kærlega fyrir hennar störf við skólann í 40 ár.

Mat á skólastarfi


Í stefnumiðaðri áætlun fyrir tímabilið 2021-2023 er meðal annars það markmið að nemendur séu ánægðir og að þeim líði vel í skólanum en það er einn grunnur þess að vel gangi í námi. Til að meta slíkt voru meðal annars á árinu gerðar viðhorfskannanir, kennslu- og áfangamat lagt fyrir auk þess sem nemendur voru þátttakendur í rannsókninni *Lýðheilsa framhaldsskólanna* sem Rannsóknir og greining stóð fyrir. Á haustönn tóku nýnemar þátt í viðhorfskönnun innan skólans og kom þar fram að nemendum líður almennt vel í skólanum en þeir voru spurði hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunni *Í skólanum líður mér vel*:



Nýnemar voru einnig spurðir hvernig þeim hefði fundist tekið á móti sér:



Meirihluti nemenda var sammála fullyrðingunni *Þegar á heildina er litið þá er ég ánægð/ur/t með að hafa valið Kvennaskólann.*



Forráðamönnum var send viðhorfskönnun í apríl 2021 þar sem fram kom að mikill meirihluti forráðamanna taldi vel hafa verið tekið á móti nýnema og var jákvæð afstaða með fullyrðingunni *Þegar á heildina er litið er barnið mitt ánægt í skólanum.*

4. Hvernig fannst þér skólinn taka á móti nýnemanum þínum?

[More Details](#)

Mjög vel	94
Vel	60
Hvorki né	16
Illá	2
Mjög illa	0



6. Taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: "Þegar á heildina er litið er barnið mitt ánægt í skólanum"

[More Details](#)

Mjög sammála	107
Frekar sammála	57
Hvorki né	7
Frekar ósammála	1
Mjög ósammála	0



Á matsáætlun er gert ráð fyrir víðtækari nemendakönnun vorið 2022 þar sem meðal annars verður spurt um líðan.

Í stefnumiðaðri áætlun er líka eitt af markmiðunum að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms. Allir áfangar eru reglulega metnir af nemendum í kennslu- og áfangamati auk þess sem það er á matsáætlun vorið 2022 að kanna námsframboð í kjarna og vali meðal núverandi nemenda. Einnig er á matsáætlun að leggja könnun vorið 2022 fyrir útskrifaða nemendur, sem útskrifuðust 2017. Náms- og starfsráðgjafar vinna ásamt námstjóra stöðugt að því að nemendur hafi aðgang að gagnlegum upplýsingum þegar kemur að því að velja áfanga, aðallega fyrir 3. árið, til að nemendur búi sig undir það nám sem þeir stefna að. Á döfinni er að leggjast í gagngera endurskoðun á námsframboði hveirrar brautar. Liður í þeirri vinnu verður hópavinna sem fram fer á vinnudögum vorið 2022.

Fleiri markmið er að finna í stefnumiðaðri áætlun fyrir 2021-23, sjá [hér](#). Of langt mál er að nefna allt sem tengist mati á skólstarfi en sjálfsmatskýrsla fyrir skólaárið 2020-2021 er að finna [hér](#) og er sjálfsmatskýrsla fyrir skólaárið 2021-2022 væntanleg á heimasíðu skólans.

Húsping

Tvisvar á ári sækja starfsmenn skólans svokallað húsping. Það byrjar oftast með fræðsluerindi sem öll hlýða á og í kjölfarið geta starfsmenn valið úr málstofum í tveimur lotum. Í febrúar var ákveðið að sleppa fyrirllestri vegna Covid og í staðinn voru fleiri málstofur í boði. Hér má sjá dagskrá húspingsins sem haldið var 15. febrúar:



Málstofur I: Kl. 12:30 – 13:10

<p>Uppbygging lokaverkefnisins og hlutverk efniskennara Umsjón: Sólveig, Elínborg og Lillia Ósk Stofa M17</p> <p>Farið er í stórum dráttum í uppbyggingu lokaverkefnisins, fyrirkomulag, kennslu og námsmat íslenskukennara. Einnig er farið í hlutverk efniskennara og hans þátt í verkefninu. Meðal annars er komið inn á kröfur um gæði heimilda, námsmat og endurgjöf til nemenda svo fátt eitt sé nefnt.</p>	<p>Jafnrétti í kennslu Umsjón: Þórður Stofa M23</p> <p>Þátttakendur fá tækifæri til að líta í eigin barm/kennslu og ræða sín á milli jafnrétti í kennslu. Umræða sem mikilvægt er að fari reglulega fram.</p>	<p>Turnitin 101 Umsjón: Elínrós og Sigrún Stofa M24</p> <p>Fyrirlögn verkefna, matskvarðar og yfirferð verkefna í Turnitin. Ef þú ert að byrja að nota Turnitin eða villt hressa uppá kunnáttuna þá er þetta málstofa fyrir þig.</p>
--	--	---

Málstofur II: Kl. 13:20 – 14:00

<p>Nýnemifræðsla Umsjón: Linda Björk Stofa M17</p> <p>Allir nemendur fara í NÝNE1NÝ01 á haustönn á 1. ári. Linda fer yfir hvaða fræðslu nýnemarnir okkar fá þegar þeir byrja í skólanum.</p>	<p>Desmos (teacher.desmos.com) Umsjón: Þórunn Stofa M24</p> <p>Aðgengileg vefsíða þar sem hægt er að búa til fjölbreytt verkefni í stærðfræði. Vefsvæði sem aðrar greinar geta að sjálfsgöðu nýtt sér.</p>	<p>Kennslubókin ekki góð – hvað er hægt að gera? Umsjón: Kári Stofa M23</p> <p>Kennslubók í ensku var bæði dýr og kennarar notuðu fáa kafla í bókinni. Þau vildu nota meira af "rauntexa", þ.e.a.s. texta á ensku sem skrifaðir eru fyrir fólk með ensku að móðurmáli (t.d. blaðgreinar). Kári segir okkur frá leiðinni sem þau fóru.</p>
---	---	--

Málstofur III: Kl. 14:20 – 15:00

<p>Tækninýjungar – hvað viljum við nota áfram? Umsjón: Haraldur og Þórður Stofa M24</p> <p>Hvaða tækninýjungar fólk var að prófa sig áfram með í kóvid fjarkennslunni og hvað fólk vill nota áfram eftir heimsfaraldur? Þetta yrði þá vinnustofa þar sem þátttakendur kæmu með reynslusögur og dæmi. Semsagt ekki bara sitja og horfa heldur meira fíkta og prófa.</p>	<p>Skrifborðsjóga og slökun Umsjón: Íris Stofa M27</p> <p>Íris kennir okkur einfaldar og góðar teygju og slökunaræfingar sem hægt er að gera við skrifborðið eða þar sem fleiri mæta saman.</p>	<p>Sjálfbærnimenntun og grænánaverkefnið Umsjón: Nemendur í umhverfisráðinu Stofa M23</p> <p>Kynning á grænánaverkefninu, og starfi umhverfisráðsins. Þátttakendur vinna svo saman að hugmyndum að verkefnum sem hægt er að láta nemendur vinna í tengslum við sjálfbærni (umhverfisvika)</p>
---	--	--

Hér má síðan sjá dagskrá húspingsins 29. október:

Kl. 13:00 – 14:00 [Svefn ungmenna og fullorðinna – Dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur og sérfræðingur í svefnrannsóknum \(Stofa M19\)](#)

Kl. 14:00 – 14:20 [Kaffihlé](#)

[Hver starfsmaður velur sér eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta](#)

Málstofur I: Kl. 14:20 – 15:00

<p>Líffræðivefurinn Stofa: M23 Íris Thortaciús</p> <p>Líffræðivefurinn er hluti af M.ed verkefni Írsar. Í málstofunni verður fjallað um rafæna námsefnisgerð, framsetningu og verkefnalýsingar. (https://irishauks.wpcomstaging.com/)</p>	<p>Meira munnlegt – minni skrif Stofa: M24 Margrét Helga og Jóhanna Björk</p> <p>Munnleg endurgjöf í Innu og munnleg verkefni nemenda. Getur átt við í öllum námsgreinum.</p>	<p>Skyndihjálpi - endurlifgun Stofa: M27 Rauði krossinn</p> <p>Endurlifgun, hjartastuðtæki og skyndihjálpi.</p>
--	--	--

Málstofur II: Kl. 15:10 – 15:50

<p>Sálfræði daglegs lífs (SÁLF1SD05) Stofa: M23 Lilja Ósk Úlfarsdóttir</p> <p>Geðræktaráfangi, þar sem nemendur æfa sig í að hafa áhrif á eigin líðan og andlegan styrk. Aðferðir sem allir geta tileinkað sér!</p>	<p>Nemendaráðstefna í jarðfræði Stofa: M24 Haraldur og Auður Agla</p> <p>Markmið og framkvæmd ráðstefnu sem nemendur í JARÐ3KJ05 vinna. Innlegg í umræðu okkar um fjölbreytt námsmat.</p>	<p>Menntamaskína (MEMA3MM05) Stofa: M27 Ásdis Ingólfssdóttir</p> <p>Áfangi þar sem lögð er áhersla á nýsköpun, hagnýtingu þekkingar, samvinnu, hönnun, tilraunir og prófanir. Fab Lab Reykjavík leiðir verkefnið. Áfangi sem byggir á umfangsmiklu lokaverkefni sem spannar alla önnina.</p>
--	--	---

Erlent samstarf

Lítið var um erlent samstarf á vorönn 2021 enda Covid enn í fullum gangi. Byrjað var þó að undirbúa þátttöku í alþjóðlegu verkefni með skólum í Þýskalandi, Póllandi og Eistlandi.

Verkefnið heitir *Mobility in the age of #StayHome – Where are we going?* Markmiðið með verkefninu er að nemendur kynni sér samgöngur í sínu landi og skoði nýjar leiðir til að draga úr losun úrgangsefna sem hafa neikvæð áhrif á loftslagið. Ánægjulegt er að geta þess að verkefnið *Student's Voices: revitalising the school system*, sem var samstarfsverkefni Kvennaskólans, Landakotsskóla, Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og skóla í Danmörku og Finnlandi 2017-2019, hlaut Evrópuverðlaun fyrir nýsköpun í kennslu. Að lokum má geta þess að skólinn fékk í lok árs samþykka Erasmus+ vottun.



Tölulegar upplýsingar

Nemendatölur

275 nemendur í 10. bekk sóttu um skólavist í Kvennaskólanum sem fyrsta val og 366 sem val tvö.

Innritun nýnema 2021

Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
43	165	0	208 (þar af 1 kk og 6 kvk á efri ár)

Skipting nemenda á námsbrautir

Námsbraut	Vor 2021				Haust 2021			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	93	74	68	1	74	96	73	3
Hugvísindabraut	0	21	15	0	0	0	20	1
Náttúruvísindabraut	124	117	118	2	127	119	115	8
Nemendafjöldi samtals	633				636			

Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni

Námsbraut	Vor 2021			Haust 2021		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	46	191	0	43	203	0
Hugvísindabraut	7	29	0	4	17	0
Náttúruvísindabraut	124	236	0	118	251	0

Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum

Námsbraut	Vor 2021	Haust 2021
Félagsvísindabraut	66	0
Hugvísindabraut	14	5
Náttúruvísindabraut	108	1
Alls	188	6

Útskriftarhlutfall

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi.

Í þriðja bekk vorið 2021 voru 201 nemendur, af þeim voru brautskráðir vorið 2021 188 (93,5%).

Haustið 2018 hófu 217 nemendur nám í 1. bekk og þegar tekið er mið af þeim 188 sem útskrifuðust vorið 2021 má segja að hlutfall innritunarhóps sem útskrifast eftir 3 ár sé 86,6%.



Starfsfólk

Skipuð var ný skólanefnd 19. október 2021. Fram að þeim tíma var skólanefnd skipuð svona:

- Eva Einarsdóttir, formaður
- Eiríkur Orri Agnarsson
- Stefán Hilmarsson
- Sjöfn Þórðardóttir
- Örn Þórðarson
- Ásdís Arnalds, áheyrnarfulltrúi starfsmanna á vorönn
- Guðrún Erla Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna á haustönn

- Kolbeinn Freyr Björnsson, áheyrnarfulltrúi nemenda á vorönn
- Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda á haustönn
- Sólveig Franklinsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra á vorönn
- Vigdís Jóhannsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra á haustönn.

Frá 19. október 2021 var skólanefnd skipuð eftirtöldum:

- Stefán Hilmarsson, formaður
- Sýlvía B. Gústafsdóttir
- Sigyn Blöndal Kristinsdóttir
- Diljá Ámundadóttir Zoëga
- Örn Þórðarson
- Guðrún Erla Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna á haustönn
- Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda á haustönn
- Vigdís Jóhannsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra á haustönn.

Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2021

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	1,00	1	100,00%
Bókavörður			1	0,60	1	60,00%
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1,00	1	100,00%
Framhaldsskólakennari	14	10,16	38	33,98	52	4414,30%
Fulltrúi skrifstofu			1	1,00	1	100,00%
Leiðbeinandi			2	1,30	2	130,00%
Matreiðslumeistari	1	1,00			1	100,00%
Námstjóri			1	1,00	1	100,00%
Náms- og starfsráðgjafi			2	1,30	2	130,00%
Sálfræðingur	1	0,40			1	40,00%
Skjalastjóri			1	0,50	1	50,00%
Skólameistari	1	1,00			1	100,00%
Umsjónarmaður fasteigna	1	1,00			1	100,00%
Þjónustuliði mötuneyti			2	1,70	2	170,00%
Þjónustuliði ræstingu	3	2,58	3	2,90	6	548,00%
Samtals	21	16,14	53	46,28	74	6242,30%


Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 4,0
- Kennarar og leiðbeinendur 46,7
- Aðrir starfsmenn 11,7

Yfirstjórn skólans

- Skólameistari – Hjalti Jón Sveinsson
- Aðstoðarskólameistari – Oddný Hafberg til 31. júlí
- Aðstoðarskólameistari – Ásdís Arnalds frá 1. ágúst
- Námstjóri – Björk Þorgeirsdóttir
- Fjármála- og skrifstofustjóri – Guðný Rún Sigurðardóttir

Skipurit



Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 53 eða 72,0%
- Karlar 21 eða 28,0,0%

Starfsaldur kennara er 17,1 ár að jafnaði, meðallífdur kennara er 49,3 ár.

Fjármál

Á árinu 2021 var ársveltan 962,6 m.kr. og afkoma jákvæð um 5,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign neikvæð sem nemur 2,5 milljónum í árslok en eignir samtals kr. 85,7 milljónir. Um er að ræða mikinn viðsnúning á rekstri frá árinu 2020 þegar skólinn var rekinn með 64 milljóna kr. halla.

Fjárheimild samkvæmt fjárlögum var 1.000,0 m.kr. en þar af voru sértekjur áætlaðar 66,9 m.kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 926,2 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir 24,9 m.kr. til fjárfestinga en af því notaðar 6,4 m.kr. Áfram var unnið að endurnýjun á tækjum og búnaði í kennslustofum, tölvu- og netbúnaði og húsbúnaði starfsmanna og nemenda.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið setti Covid áfram mikinn svip á skólasterfið 2021 þó margt hafi gengið sinn vanagang. Nemendur virðast almennt hafa verið ánægðir í skólanum þrátt fyrir ýmsar takmarkanir og skert félagslíf. Starfsfólk skólans þurfti að sýna mikinn sveigjanleika og aðlaga skólasterfið að takmörkunum hvers tíma og verður því seint fullþakkað fyrir sín frábær störf.